

STAÐA MÁLS

Málnr.:	M-01214/AIG-09
Dags:	29. júní 2014
Staður:	Vatnsleysuströnd
Lýsing:	Hreyfilstöðvun
Staða máls:	Júní 2015: Rannsókn Júní 2016: Drög að lokaskýrslu hafa verið skrifuð Maí 2017: Drög lögð fyrir nefndina Júlí 2017: Send í umsögn

Flugnemi fór ásamt flugkennara í kennsluflug frá Keflavíkflugvelli á flugvélinni TF-KFB, sem er af gerðinni Diamond DA-20. Flogið var til Selfoss og svo snertilendingar framkvæmdar á flugvellinum á Sandskeiði.

Á leiðinni tilbaka til Keflavíkflugvallar, þegar flogið hafði verið yfir Kúagerði, urðu flugneminn og flugkennarinn vör við skrítn gang í hreyfli flugvélarinnar og missti hreyfillinn afl í kjölfarið.



Nauðlending var framkvæmd á golfvellinum á Vatnsleysuströnd. Flugvélin lenti á golfbraut #2 og hafnaði á hvolfi utan golfbrautarinnar. Flugvélin skemmdist nokkuð.

Rannsóknin beinist að undirbúningi flugsins og eldsneyti.